

Alþingi
Erindi nr. P 139/1929
komudagur 4.4.2011

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2011

Stéttarfélag klínískra tannsmíðameistara sendir hér með umsögn sína um mál 575.

1.

Í máli 575 á 139 löggjafarþingi er lagt til í grein 33. að lög nr. 109/2000 falli úr gildi. Þetta virðist byggja á þeim misskilningi að umrædd lög gildi um tannsmíði, sem iðngrein. Með þessu brottfalli umræddra laga eru Klínískir tannsmíðameistara sviptir atvinnuréttindum sem þeir nú þegar hafa hlotið samkvæmt þessum lögum. Þeir klínisku tannsmíðir, sem hafa starfsleyfi, stunduðu sitt viðbótarnám í Danmörku sem gæti þróast áfram með hagkvæmum hætti eins og þar í landi.

2.

Mál 575 virðist vera endurupptekning á máli 116 frá 138 löggjafarþingi. Í umsögnum sem þar eru hefur Landlæknisembættið gefið sína umsögn og þar segir m.a.

Um 3. gr. Tilgreining löggilttra heilbrigðisstétta.

Einni stétt hefur verið bætt við upptalningu heilbrigðisstétta, þ.e. tannsmíðum. Í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins eru taldar upp ýmsir aðilar sem hafi var samráð við áður en ákveðið var að leggja til að tannsmíðir yrðu heilbrigðisstétt. Landlæknisembættið var ekki þar á meðal og hefur ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um þessa breytingu fyrr en nú. Landlæknisembættið telur að þara verði mjög varlega í að fjölga heilbrigðisstéttum og hafa embættinu ekki verið kynnt rök fyrir því að gera tannsmíði að heilbrigðisstétt, fremur en að tannsmíði verði áfram löggilt iðngrein.

3.

Stéttarfélag klínískra tannsmíðameistar tekur heilshugar undir þessa athugasemd Landlæknis og fær ekki séð frekar en Landlæknir rök fyrir því hvers vegna tannsmíðir eigi að vera heilbrigðisstétt, fremur en að tannsmíði verði áfram löggilt iðngrein.

Félagið bendir á að tannsmíðir voru fyrir nokkrum áratugum heilbrigðisstétt en ákveðið var að þeir yrðu löggilt iðngrein á grundvelli iðnaðarlaga.

Nám hafa þeir stundað í Tannsmíðaskólanum í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Engin haldbær rök hafa komið fram um það hvers vegna ekki eigi að ver unnt að stunda framhaldsnám á háskólastigi í greininni.

4.

Þá vill félagið benda sérstaklega á að lög nr. 109/2000 um starfsréttindi tannsmíða, á grundvelli þeirra hafa klínískir tannsmíðir áunnið sér mikilvæg starfsréttindi og almennir tannsmíðir réttindi til að verða klínískir tannsmíðir á grundvelli náms og með ákveðnum skilyrðum. Verður að tryggja ef lögin eru felld niður að áunnin réttindi haldist í samræmi við viðurkennd viðhorf í atvinnulöggjöf.

Virðingarfyllst


Iris Bryndís Guðnadóttir
form. Stéttarfélags klínískra tannsmíðameistara